

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2009/13/EB frá 16. febrúar 2009 um framkvæmd samnings sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði færmanna, 2006, og um breytingu á tilskipun 1999/63/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVIII viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 32b (tilskipun ráðsins 1999/63/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0013**: Tilskipun ráðsins 2009/13/EB frá 16. febrúar 2009 (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32i (tilskipun ráðsins 2005/47/EB):

„32j. **32009 L 0013**: Tilskipun ráðsins 2009/13/EB frá 16. febrúar 2009 um framkvæmd samnings sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði færmanna, 2006, og um breytingu á tilskipun 1999/63/EB (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 46, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30.

3. Fyrsti undirliðurinn (lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins) í 24. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/13/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.